

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?



MAÍ 2024

HOPPUM OG SKOPPUM INN Í SUMARIÐ

Nýr ærslabelgur hefur verið settur upp á Laugum og nú getum við hoppað og skoppað inn í sumarið á þeim fimm ærslabelgjum sem eru í sveitarfélaginu.

Á síðasta sveitarstjórnarfundum fór fram seinni umræða um ársreikning sveitarfélagsins. Ánægjulegt er að rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um rúmlega 145 milljónir króna og samstæðan A og B hluti um 122,1 milljón króna. Er þetta jákvæður árangur á fyrsta heila starfsári nýs sameinaðs sveitarfélags og óhætt er að líta björtum augum til framtíðar. Nánar er fjallað um ársreikning sveitarfélagsins hér í fréttabréfinu.

Í ár fögnum við 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands og verður mikið um dýrðir um land allt í tilefni þess. Hér í Þingeyjarsveit verða hátíðarhöldin að þessu sinni á Laugum. Að hátíðinni standa Kvenfélag Mývatnssveitar og Ungmennafélagið Efling með aðstoð verkefnastjóra æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála.

Hátíðarhöldin verða sérstaklega vegleg vegna þessa stórafmælis og eru viðburðir helgina 15.-16. júní í Mývatnssveit og á Laugum en hápunkturinn er hátíðardagskrá 17. júní á Laugum þar sem verður fjölbreytt dagskrá. Nánar má lesa um hátíðarhöldin hér í fréttabréfinu.

Þegar liður á mánuðinn höldum við áfram að fagna merkjum tímamótum en í ár eru 50 ár frá því lögin um verndun Mývatns og Laxár voru fyrst samþykkt og Náttúruverndarnefnið við Mývatn stofnuð. Í tilefni þess verður áhugaverð dagskrá fyrir alla aldurshópa þann 22. júní nk. sem hefst með hátíðardagskrá í Skjólbrekku og í framhaldi verður fjölbreytt dagskrá sem stendur fram eftir degi. Að hátíðinni standa Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Þingeyjarsveit.

Það er ljóst að nóg er um að vera á næstunni með öllum þeim verkefnum sem voru færir okkur.

Hlakka til að sjá ykkur á þeim viðburðum sem fram fara í júní!

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



**Ragnheiður Jóna
Ingimarsdóttir**
sveitarstjóri

VIÐVERA STARFSFÓLKS SVEITARFÉLAGSINS Í MÝVATNSSVEIT

JÚNÍ

GÍGUR GESTASTOFA

- Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs **alla þriðjudaga**.
- Rögnvaldur Harðarson, byggingarfulltrúi og umsjónarmaður fasteigna **alla þriðjudaga**.
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri, eða staðgengill, **alla miðvikudaga**.
- Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, annan hvern miðvikudag, **5. og 19. júní**.

Hægt er að panta viðtalstíma á netföngum viðkomandi starfsmanna eða á netfanginu skrifstofa@thingeyjarsveit.is. Ef breytingar verða á viðveru starfsfólks verður það auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Húsnæði Þingeyjarsveitar að Hlíðavegi 6 hefur nú verið lokað tímabundið. Ástæða þess er sú að við ástandsskoðun sem Efla verkfræðistofa framkvæmdi, fundust rakaskemmdir í húsnæðinu.

ÁRSREIKNINGUR

Jákvæð rekstrarniðurstaða

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2023 var jákvæð um sem nam 122,2 m.kr og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 145,5 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2023 með viðaukum var gert ráð fyrir 3,5 m.kr neikvæðri rekstrarniðurstöðu í A og B hluta. Niðurstaðan er því 111,8 m.kr hagstæðari en áætlað var og hagstæðari um 103,7 m.kr heldur en niðurstaða ársins 2022 sem var neikvæð um 18,4 m.kr.

Rekstrartekjur og rekstargjöld

Samanlagðar rekstrartekjur í A og B hluta á árinu námu 2.565 m.kr en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.350 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2023 með viðaukum var gert ráð fyrir rekstrartekjum sem næmu 2.471 m.kr í A og B hluta. Rekstrartekjur eru því 94 m.kr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 3,8%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður, námu samtals 2.207 m.kr á árinu. Þar af eru laun og launatengd gjöld 1.389 m.kr og annar rekstrarkostnaður er 818 m.kr.

Fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir rekstrargjöldum sem næmu 2.281 m.kr. Þar af laun og launatengd gjöld 1.438 m.kr og önnur rekstrargjöld áætluð 843 m.kr. Laun og launatengd gjöld ársins eru því 48,8 m.kr undir því sem áætlun gerði ráð fyrir og annar rekstrarkostnaður nemur 836 m.kr sem er 25 m.kr lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Fjöldi ársverka voru 115 og fækkaði þeim um fjögur frá fyrra ári.

Lækkun langtímalána

Afborganir lána voru 148 m.kr. á árinu en áfallnar verðbætur 89 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu og er því heildarlækkun langtímalána 59 m.kr. að teknu tilliti til áfallinna verðbóta.

Samkvæmt sjóðsstreymisyfirliti samstæðu á árinu 2023 nam veltufé frá rekstri 307,2 m.kr á móti 141 m.kr árið 2022 og handbært fé frá rekstri var 270,9 m.kr á móti 116,9 m.kr árið 2022.

Fjárfestingar án lántöku

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 249 m.kr á árinu. Eigið fé í árslok nam 1.115 m.kr fyrir A og B hluta samanbórið við 802,4 m.kr árið áður.

Skuldahlutfall 66,3%

Eiginfjárlutfall nemur 35,5% í árslok. Sama hlutfall í lok árs 2022 var 30,6%. Veltufjárlutfall hækkar á milli ára og er nú 1,23%. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjármál sveitarfélaga er 40,7% í árslok en var 50,8% í árslok 2022. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er 66,3% í A og B hluta í árslok 2023 en var 81,2% í árslok 2022.

Bjartsýni til framtíðar

Í ljósi niðurstöðu ársreiknings ársins 2023 er full ástæða til bjartsýni til framtíðar. Sveitarstjórn færir stjórnendum og starfsmönnum bestu þakkir fyrir þeirra framlag til ábyrgs reksturs og góðrar þjónustu. Sveitarstjórn þakkar einnig endurskoðendum fyrir gott samstarf við gerð ársreiknings.

ÆRSLABELGUR Á LAUGUM

Við síðustu fjárhagsáætlunargerð samþykkti sveitarstjórn að leggja til fjármagn í ærslabelg á Laugum. Honum var fundinn staður við sundlaugina eins og sést á meðfylgjandi mynd og var settur niður í lok maí.

Ærslabelgi má nú finna við Stórutjarnaskóla, Þingeyjarskóla, Reykjahlíðarskóla, Skjólbrekku og nú við Sundlaugina á Laugum! Þeir eru allir vel nýttir af íbúum og gestum og munu án efa verða áfram. Til hamingju allir!



HÁTÍÐARHÖLD 17. JÚNÍ

Í fyrra tóku kvenfélag Mývatnssveitar og Ungmennafélagið Efling höndum saman og héldu sameiginlega hátíð í Skjólbrekku þann 17. júní. Þótti hátíðin afar vel heppnuð og samstarfið farsælt og því var ákveðið að héðan af skyldi ný hefð ganga í garð með sameiginlegri þjóðhátíðarveislu þann 17. júní og skyldi veislan haldin annað hvert ár á hvorum staðnum.

Nú hefur verkefnastjóri menningarmála slegist í hópinn og er því 17. júní dagskrá skipulögð í samstarfi félaganna tveggja og sveitarfélagsins. Þar sem Íslendingar fagna 80 ára afmæli Lýðveldisins í ár stendur til að hafa hátíðina í Þingeyjarsveit umfangsmeiri í þetta sinn. Sveitarfélagið mun bjóða upp á dagskrá um afmælishelgina sem endar á veglegri hátíðar dagskrá á mánudeginum 17. júní.

Um afmælishelgina verður hægt að sækja listasmiðjur, hlusta á kórsöng og fara í fjölskyldugöngu um Dimmuborgir með leiðsögumanni frá Umhverfisstofnun. Dagskráin þann 17. júní byrjar á skruðgöngu á Laugum við undirspil Marimbassveitar Þingeyjarskóla. Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar verða afhent og í boði verður andlitsmálning, leikir ásamt markaðstorgi, smiðjum og sápurennibraut. Þá verður hægt að fara á hestbak og sveitarfélagið býður öllum frítt í sund á Laugum. Sveitarfélagið er líka í samstarfi við stjórnarráðið vegna stórafmælisins og mega þátttakendur hátíðarhaldanna eiga von á glaðningi frá Stjórnarráðinu. Menningarmiðstöð Þingeyinga býður öllum í heimsókn á Grenjaðarstað og eru gestir hvattir til þess að mæta í þjóðbúning.

Nefndina í ár skipa Aðalbjörg Birgisdóttir, Aðalbjörn Jóhannsson, Valgerður Jósefsdóttir, Gunnhildur Hinriksdóttir, Anna Dagbjört Andrésdóttir og Myrra Leifsdóttir. Þau funda reglulega og segja skemmtilegt að skipuleggja alveg sérstaklega glæsilega dagskrá í ár. Vonin er að fleiri félög og aðilar komi inn í starfið á næstu árum, að hátíðin fari vaxandi og styrki tengslin í sveitarfélaginu enn frekar.



**Ef þú vilt taka þátt í
markaðstorgi og/eða
smiðjum endilega hafðu
samband við 17. júní
nefndina í
myrra@thingeyjarsveit.is**

MEIRA AF KMT

15. maí fundaði Björn Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri KMT (Krafla Magma Testbed) með sveitarstjórn og kynnti KMT verkefnið og stöðu þess. Mikil ánægja var meðal sveitarstjórnarmeðlima með verkefnið sem mun skapa gríðarleg tækifæri fyrir Þingeyjarsveit. Við sögðum ítarlega frá KMT verkefninu á vefnum, þá umfjöllun getur þú lesið með því að smella [hér](#).

BJÖRGUNARVEITIN STEFÁN SÓTT HEIM

Ragnheiður Jóna sveitarstjóri heimsótti Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Karl Emil Sveinsson og Guðjón Vésteinsson björgunarsveitarmenn tóku vel á móti henni, fræddu um starfsemi sveitarinnar og sýndu henni aðstöðu þeirra að Múlavegi í Reykjahlíð. Það eru 60 félagar í sveitinni sem sinnir gríðarstóru landsvæði, alveg inn að Öskju og Vatnajökli. Mikil starfsemi er í Stefáni og reglulegir hittingar í sveitinni sem er með mjög kröftuga ungliðadeild.



Guðjón og Karl við snjóbil sveitarinnar

SVEITARSTJÓRAMÓT Á EGILSSTÖÐUM

Ragnheiður Jóna sveitarstjóri fór á tveggja daga fund sveitar- og bæjarstjóra sem haldinn var á Hótel Hallormsstað í Múlaþingi í byrjun maí. Fyrri daginn var málþing þar sem meðal annars var kynning á sveitarfélaginu Múlaþingi, aðdraganda sameiningar og hvernig til hefur tekist. Þá voru fulltrúar KPMG með kynningu á greiningu á fjárhagsáætlanuferli sveitarfélaganna ásamt tækifærum til úrbóta.



Sveitar- og bæjarstjórar í góðum gír

Ragnheiður Jóna segir málþingið hafa verið afar fræðandi og áhugavert, sérstaklega með tillit til þess að Þingeyjarsveit er líka nýsameinað sveitarfélag.

Hópurinn fór líka í kynnisferð vítt og breytt um Múlaþing, meðal annars í Snæfellsstofu, Skriðuklaustur, Skógarafurðir, Sláturhúsið menningarmiðstöð, Icelandic Down, Blábjörg og Brugghús KHB.

SAMEIGINLEG ÚTSKRIFTARFERÐ LEIKSKÓLANEMA

Sumarið er handan við hornið og því fylgja ýmis konar tímamót! Framhaldsskólinn á Laugum brautskráði 34 nemendur á dögnum og skólaslit allra skóla í sveitarfélaginu eru nú í kringum mánaðarmótin. Leikskólanemendur sveitarfélagsins sem eru að hefja grunnskólagöngu í haust fóru í sameiginlega útskriftarferð í lok mánaðarins. Það er óhætt að segja að spenningurinn hafi verið mikill enda afar stórt skref að fara í útskriftarferð, hvað þá með öðrum skólum.

Hóparnir hittust í Mývatnssveit þar sem farið var á Fuglasafnið, í klifur á Klifurveggnum í Íþróttamiðstöðinni og í göngu um Skútustaðagíga. Nemendurnir nutu að sjálfsögðu veitinga úr nærumhverfi, fengu ís í Skútaís, Kakó í Vogafjösi og hádegismat á Sel-Hótel.



HVATNING TIL KATTAEIGENDA

Nú er viðkvæmur tími fyrir fugla þar sem varptími er hafinn og ungar fara að klekjast út. Það er því sérstök ástæða til að hvetja kattaeigendur til að gæta katta sinna meðan á þessum viðkvæma tíma stendur. Þetta má gera með mörgum leiðum s.s. hengja bjöllur á þá, setja kraga, gefa þeim nóg, takmarka útivistartíma við dagsbirtu ofl.




FJÁRHÚSAFERÐ BARNABORGAR

Það hefur verið erill hjá bændum síðustu misserin og um fjárhús og tún óma krúttleg jörm. Að venju fara leikskólar í heimsóknir á bóndabæi að skoða lömb og fleiri dýr. Börn og starfsfólk leikskólans Barnaborgar heimsóttu að þessu sinni bændur á Björgum í Kinn. Foreldrar eru alltaf velkomnir með og starfsfólk segir afar ánægjulegt hversu góð mæting foreldra hafi verið í ferðirnar í gegnum árin.

Það var spennandi upplifun fyrir börnin að fara saman í rútu, sjá hús félaga sinna í leikskólanum, hvar aurskriður féllu og svo Ógöngufjallið.

„Á Björgum tók Hlöðver Þór nemandi Barnaborgar á móti okkur ásamt fjölskyldu. Við fengum að halda á og klappa lömbum og fara í fjósið. Það fannst okkur öllum virkilega skemmtilegt. Kýr og kálfar voru gæf og svo mátti klifra upp á heyrúllu í fóðurganginum. Hvað er skemmtilegra en að leika sér í ilmandi heyi?“ segir Nanna Marteinsdóttir, deildarstjóri Barnaborgar.

Undanfarin ár hefur ein af valgreinum unglíngastígs Þingeyjarskóla verið svokallað leikskólaval. Þá fara nemendur af unglíngastígi einu sinni í viku í leikskólann og lesa fyrir börnin, leika við þau úti og inni og kynnast leikskólastarfinu. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti og leikskólabörnunum finnst þetta skemmtilegt og spennandi að sjá unglíngana sem þau hafa kynnst í matsal og á göngum skólans. Unglíngarnir upplifa að þeir gera gagn og eru afar góðir við leikskólabörnin. Sigurveig Birna og Áslaug Anna úr unglíngavalinu fóru með í fjárhúsaferðina. Á heimleiðinni var notalegt fyrir litla lúna kroppa að halla sér upp að öxl unglínganna og fá sér lúr.



MÆLA BREIDD MALARVEGA

Ragnheiður Jóna sveitarstjóri og Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs lögðu upp í heldur óvenjulegt og skemmtilegt verkefni í maí. Þau nýttu uppstigningardag og önnur síðdegi til þess að mæla breidd malarvega í sveitarfélaginu. Þau hafa því keyrt flesta tengi- og héraðsvegi í sveitarfélaginu upp á síðkastið. Er þetta partur af verkefninu *Útrýming malarvega á Norðurlandi eystra* sem er á vegum SSNE. Markmið verkefnisins er að kostnaðarmeta framkvæmdir við að malbika malarvegi á Norðurlandi eystra, ræða við stjórnvöld og leita fjármagns til framkvæmdanna. Verkefnið felur í sér skráningu og flokkun vega, þeir metnir eftir t.d. umferðapunga, lengd og þörfum. Vinnan verður svo kynnt á íbúafundum og leitað samráðs heimafólks, t.d. á snjóþungum eða hættulegum stöðum. Ferðalangarnir fengu frábært veður á ferðum sínum um fallega sveitarfélagið okkar og nýttu tækifærið að sjálfsögðu og heimsóttu mann og annan.



AFLSÁTTUR AF GATNAGERÐARGJÖLDUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði samþykkti sveitarstjórn tímabundna heimild til niðurfellingar gatnagerðagjalda. Sveitarstjórn samþykkir að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun:

- Lóðirnar sem um ræðir verða skilgreindar á lista sem sveitarstjórn samþykkir.
- Umsóknir um lóðir skulu berast eigi síðar en 31. desember 2024 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af skipulagsnefnd og staðfestar af sveitarstjórn.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóð gildir útdráttur milli umsækjenda.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að umsækjandi hefur sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi. Byggingaframkvæmdir skulu hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skulu hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðagjalda.

Lóðir sem afsláttur gatnagerðagjalda nær yfir:

Reykjahlið	Laugar	Stórutjarnir
Klappahraun 3	Lautavegur 12	Melgata 2
Klappahraun 7	Lautavegur 14	Melgata 4

MÓTAÐU FRAMTÍÐ ÞINGEYJARSVEITAR



Íbúum Þingeyjarsveitar gefst nú tækifæri til að hafa áhrif á framtíð sveitarfélagsins. Í aprílmánuði voru haldnir þrjú íbúafundir þar sem leitað var samráðs við íbúa um áherslur fyrir sveitarfélagið og var sérstaklega horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi. Fundirnir voru haldnir í tengslum við heildarstefnumótun sveitarfélagsins sem nú stendur yfir og tóku yfir 70 íbúar þátt á fundunum sem voru öllum opnir.

Nú heldur samráð við íbúa áfram! Opnað hefur verið fyrir rafræna könnun og eru íbúar hvattir til að koma á framfæri sínum skoðunum og áherslum. Íbúar sem komust ekki á íbúafundi eru sérstaklega hvattir til að taka þátt. Í könnuninni hafa íbúar tækifæri til að forgangsraða heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og leggja til áherslur eða verkefni sem áhugavert væri að horfa til.

Hvetjum alla íbúa til að taka þátt og láta rödd sína heyrast, hún skiptir máli!

Hér er slóð á könnunina sem verður opin til 12. júní:

<https://www.surveymonkey.com/r/thingeyjarsveit>

IMPACT THE FUTURE OF ÞINGEYJARSVEIT



Residents of Þingeyjarsveit now have the opportunity to influence the future of the municipality. In April, three community meetings were held to seek input from residents on priorities for the municipality, with a particular focus on the United Nations' Sustainable Development Goals. These meetings were part of the ongoing overall strategy formulation for the municipality, and more than 70 residents participated in the open meetings.

The consultation with residents continues, and a survey has been launched where residents are encouraged to express their views and priorities. Those who were unable to attend the community meetings are especially encouraged to participate. In the survey, residents have the opportunity to prioritize the United Nations' Sustainable Development Goals and suggest priorities or projects that would be interesting to consider.

We urge all residents to participate and make their voices heard, your voice matters!

You can take the survey here until June 12th:

<https://www.surveymonkey.com/r/thingeyjarsveit-en?lang=en>

VIÐBURÐIR Á NÆSTUNNI



17. hátíðarhöld

Hátíðardagskrá - Fylgstu með dagskránni á heimasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur!



Afmælishátíð

Í ár eru 50 ár frá því lögin um verndun Mývatns og Laxár voru fyrst samþykkt og Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn stofnuð.

Að því tilefni verður haldin afmælishátíð á Skútustöðum í Mývatnssveit þann 22. júní frá kl.13:00-18:00.

Fylgstu með viðburðardagatalinu inni á [thingeyjarsveit.is](https://www.thingeyjarsveit.is)

HVER ER VALDÍS LILJA STEFÁNSDÓTTIR ?


Valdís er launafulltrúi
Þingeyjarsveitar

„Ég bjó fyrstu æviárin á Selfossi, svo var haldið norður yfir heiðar, fyrst Akureyri og svo í Aðaldalinn, síðan aftur á Akureyri fyrir utan tvö ár í Danmörku, svo fyrir fjórum árum fluttum við aftur í sveitina. Ég er gift Valþóri Brynjarssyni og eigum við fjögur börn og fullt af barnabörnum. Helstu áhugamálin eru ferðalög, gönguskíði, hannyrðir og svo kemur garðyrkja sterk inn eftir að við fluttum í sveitina!“

„Ég er launafulltrúi sveitarfélagsins þannig að mín vinna snýst aðallega um laun og það sem tengist þeim, mér finnst þetta mjög skemmtilegt og kynnist mörgum í kringum starfið.“

Fyndnasti samstarfsfélaginn? „Úff... það er erfitt að taka einhvern einn út, hér er svo margt hrikalega fyndið og skemmtilega skrítið fólk að það er hægt að liggja í hláturskasti flesta kaffitíma.“

Hvers vegna viltu búa í Þingeyjarsveit? „Þegar kom til tals að flytja í sveitina og við vorum að vega og meta kostina, þá var mér sagt af manninum mínum sem er gamall Reykdælingur að hér væri mikil veðursæld, aldrei rigning, heldur gróðraskúrar af og til, hér væri alltaf logn þó það væri stundum á hraðferð og að í dalnum drypi smjör af hverju strái, þetta er að vísu ekki alveg svona, en samt er mjög gott að búa hér og vissulega er skjólgott sunnan við hús!“



Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst 10 ára?

„Mig langaði að verða gullsmiður eða svínabóndi í Danmörku.“

HVER ER DAÐI LANGE FRÍÐRIKSSON?

Daði er umhverfisfulltrúi
Þingeyjarsveitar



Ef þú værir drykkur, hvaða drykkur værirðu og hvers vegna?

„Mjólk, er góð á bragðið og góð með öllum mat við öll tækifæri og verður aldrei leiðigjörn.

Best isköld“

Daði er fæddur og uppalinn í Mývatnssveit, er stúdent frá Laugum og búfræðingur frá Hvanneyri. Seinna meir tók hann BD í landnýtingarfræði frá Hvanneyri.

Hann hefur búið mest af ævinni í Mývatnssveit, með viðkomu í Borgarfirði, Öxarfirði og í Kelduhverfi.

Daði er kvæntur henni Antra Krumina frá Lettlandi og fagna þau 10 ára brúðkaupsafmæli um þessar mundir. Þau eiga tvo drengi sem eru eins ólíkir og dagur og nótt.

„Ég bý í Mývatnssveit í „Dísuhúsi“ og gengur bara allt ágætlega. Er að hökta með kindur og nokkra hesta og sinni öðrum veiðiskap sem áhugamál.“

Þín helstu verkefni í vinnunni?

„Vakna, kíkja á tölvupósta og fara svo út á þvæling en fer eftir árstíma. Á veturna er þetta að kíkja í gildur, gera við gildur, ýmis skrifstofustörf, veiða hrafna og tófur. En svo á vorin, sumrin og haustin er þetta mest veiðiskapur, grenjavinnsla og fleira í þeim dúr. Músæitur á haustin.“

Hvað kanntu mest að meta við vinnuna þína?

„Útiveran og þvælingur um náttúruna og landið. Hún er fjölbreytt en getur tekið á og verið langir vinnudagar.“



MENNINGARVERÐLAUN

ÞINGEYJARSVEITAR

VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM OG ÁBENDINGUM
VEGNA MENNINGARVERÐLAUNA ÞINGEYJARSVEITAR 2024

EINSTAKLINGAR, HÓPAR EÐA FÉLAGASAMTÖK GETA
HLOTIÐ NAFNBÓTINA. VERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Á
HÁTÍÐARHÖLDUM Í SVEITARFÉLAGINU ÞANN 17. JÚNÍ N.K.

TILNEFNINGUM ÞARF AÐ SKILA FYRIR 1. JÚNÍ
NÁNAR Á WWW.THINGEYJARSVEIT.IS

LOF MÁNAÐARINS

ÁTTU HRÓS?

Öll þekkjum við einhvern sem á
skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á
framfæri á

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

★ Heiða Guðmundsdóttir sendir Aðalbirni Jóhannssyni, Hönnu Skúladóttur, Guðmundi Árna Hreiðarssyni, Benedikt Guðbergssyni og Hafdísí Hjaltalín starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar Skjálfanda hrós mánaðarins; „Þau halda úti frábæru, fjölbreyttu og gríðarlega metnaðarfullu starfi fyrir og með krökkunum. Samskipti þeirra við krakkana sýna virðingu og væntumþykju.“

★ „Ég vil hrósa veghöldurum fyrir óvenju góða vetrarþjónustu á þjóðvegi 835 síðastliðinn vetur. Það skiptir máli fyrir okkur sem ekki búum við þjóðveg 1. að fá viðunandi vetrarþjónustu til að komast til og frá heimili. Og góðar samgöngur sumar sem vetur eru algjört grundvallaratriði fyrir framtíðarþúsetur á svæðinu“ segir Ósk Helgadóttir.



Kjörstaður í Þingeyjarsveit við forsetakosningarnar þann 1. júní nk. er í

Félagsheimilinu Breiðumýri og verður opinn frá kl. 10:00 til kl. 22.00.

Áréttað er að einn kjörstaður er í Þingeyjarsveit við þessar kosningar.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki. Unnt er að framvísa rafrænum skilríkjum.

Á kjördag, meðan atkvæðagreiðsla stendur yfir, mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur sitt á kjörstað í Félagsheimilinu Breiðumýri. Sími yfirkjörstjórnar á kjördag er 898 9846 og tölvupóstfangið kjorstjorn@thingeyjarsveit.is

Vakin er athygli á að allar upplýsingar um forsetakosningar 2024 er hægt að finna á veffanginu kosning.is og að kjörskrá í Þingeyjarsveit vegna forsetakjörs liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar í Kjarna til kjördags.



Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar í tvær vikur, frá 8.-22. júlí.



**FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK**



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!